Breyting 3 dags. 19.12.2011:
Breytingar eru aðallega í rafmagnsrými, áður skráð sem lager. Jafnframt er breytt starfsemi í húsinu sem hýsti áður prentsmiðju og er núna gagnaver. Meðhönnuður við breytingar er Jón Friðrik Matthíasson, Byggingafræðingur.
Breyting 4 dags. 24.04.2012
Breyting á innra skipulagi, stigahús á 2. hæð sameinað skrifstofu. Herbergja skipan á 1. hæð breytt og breyting á brunahönnun á 2. hæð og í gagnaveri.

TÁKN Á ELDVARNARUPPDRÁTTI
- BS1 — BRUNASAMSTÆÐA
- ELDTEFJANDI VEGGUR
- EI–CS30 — HURÐIR C = Sjálflokandi, S = Reykþétt
- ÚT — MERKTUR OG NEYÐARLÝSTUR ÚTGANGUR
- BRUNASLANGA
- STJÓRNSTÖÐ BRUNAVIÐVÖRUNARKERFIS

VÉLRÆN LOFTRÆSTING ER Í LOKUÐUM RÝMUM.
REYKSKYNJARAR ERU Í HVERJU HERBERGI TENGDIR SJÁLFVIRKU BRUNAVIÐVÖRUNARKERFI.

Samþykkt þann 31 MAY 2012
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Sigurður Steinar Jónsson

Samþykkt þann 31 MAR. 2012
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Sigurður Steinar Jónsson

Úr Gildi

Grunnmynd 2. hæðar

Byggingarlýsing:

Starfsemi:
Á 1. hæð í húsinu verður móttaka, skrifstofa, gagnaver og rafmagnsrými, á 2. hæð verður skrifstofa, matsalur og starfsmannarými. Áætlað er að ca. 5–10 manns vinni á skrifstofu á 1. hæð, 5 manns í gagnaveri og 10–15 á skrifstofu á 2. hæð.

Burðarvirki og einangrun:
Húsið er allt stálgrindarhús á steyptum undirstöðum. Sökklar eru einangraðir með 7,5 cm einangrun og fyltir með þjöppuðu frostfríu fyllingarefni. Botnplata er staðsteypt og einangruð með 7,5 cm einangrun. Milliplata er staðsteypt á trapisustál og borin uppi af stálbitum og stálsúlum (multideck). Útveggir eru "þír"samlokustáleiningar viðurkendar af Brunamálastofnun Íslands. Þak er uppbyggt á stálásum, 20 cm steinull og klætt með þakdúk. Veggir skrifstofu og þjónusturýmis eru klæddir að innan með tvöföldu gipsi og loft með einföldu gipsi.

Kólnunartölur:

Gagnaver og skrifstofurými skal uppfylla kólnunartölur fyrir hús sem er með innihitastig18 gráður C og meira.

Kólnunartölur:

Þak:	0,2
Útveggur:	0,3
Gluggar:	2,0
Hurðir:	3,0
Gólf:	0,3

Litir og öferð utanhúss:
Útveggir eru klæddir með lóðréttri silfurgrárri málmklæðningu. Þakkantur er silfurlitað stál. Gler er spegilgler og álgluggar og hurðir eru rauðar Ral 3020 og allt stálvirki er grátt ral 7039.

Brunavarnir
Brunahönnun og brunavarnalýsing er uppfærð af VSI Öryggishönnun og ráðgjöf í apríl 2012 fyrir tölvugagnaver í Steinhellu 10, Hafnarfirði. Verk nr. 11–182. Áður nr. 03–142.

Brunasamstæður
Húsið skiptist í tvær brunasamstæður:
Rafmagnsrými fyrir rafstöð o.fl. er ein brunasamstæða, alls u.þ.b. 430 m2.
Gagnaverssalur og skrifstofur mynda eina brunasamstæðu,alls u.þ.b. 2135 m2.
Aðskilnaður milli gagnaverssalar og rafmagnsrýmis er með a.m.k. REI90 vegg og a.m.k. AEI–C60 hurð.
Gerðar verða sérstakar ráðstafanir í útveggjaskilum m.t.t. brunasamstæðuhólfunar og brunahólfunar.
Olíugeymir við útvegg (u.þ.b. 10 m3) verður aðskilinn frá húsi með brunahólfandi vegg (a.m.k. EI60) sem nær a.m.k. 2 metra út fyrir og upp fyrir geyminn eða hann verður staðsettur í a.m.k. 6 metra fjarlægt frá húsi.

Brunahólf
Aðskilnaður milli skrifstofa og gagnaverssalar er með a.m.k. REI60 vegg og AEI–CS60 hurðum.
Greinarafmagnstöflur eru eitt brunahólf.
Rafmagnstafla er sér brunahólf.
Skrifstofur á neðri hæð eru í sér brunahólfi.
Rafmagnsherbergi í gagnaverssal er sér brunahólf.
Stigahús er sér brunahólf.
Skrifstofur á efri hæð ásamt stiga eru í sér brunahólfi.
Matsalur á efri hæð er í sér brunahólfi.

Burðarvirki
Burðarvirki hússins eru stáliburðarvirki.
Brunamótstaða burðarvirkja verður a.m.k. R60 í skrifstofum og undir hæðarskilum.
Burðarvirki í rafmagnsrými verða a.m.k. R60 upp í 4 metra hæð.
Brunamótstaða burðarvirkja í brunasamstæðuskilum verður a.m.k. R90.
Burðarvirki í gagnaverssal verða ekki eldvarin sérstaklega. Hver gagnaverseining er útbúin með sjálfstæðu slökkvikerfi og annað brunaálag ekki til staðar í salnum.
Hæðaskil verða a.m.k. REI60.

Klæðningar
Klæðningar (utan– og innanhúss) verða almennt í flokki 1 og gólfefni í flokki G.
Útveggir eru úr PIR einingum. Þær skulu vera viðurkenndar af Mannvirkjastofnun. Útveggir verða klæddir að innan í skrifstofuhluta með klæðningum í flokki 1.

Flóttaleiðir
Frá rafmagnsrými eru a.m.k. tvær óháðar flóttaleiðir í sitt hvorum enda.
Frá gagnaverssal eru a.m.k. fjórar flóttaleiðir, tvær á hvorri langhlið.
Frá skrifstofum á fyrstu hæð eru a.m.k. tvær óháðar flóttaleiðir, þar af er önnur flóttaleiðin inn í gagnaverssal og út.
Flóttaleiðir frá skrifstofum á efri hæð eru annars vegar um stigahús og út og hins vegar inn í gagnaverssal og þaðan út.
Hvergi er lengra en 25 metrar í útgang eða annað brunahólf.

Brunaviðvörunarkerfi
Viðurkennt númerað brunaviðvörunarkerfi verður í öllu húsinu skv. reglum Brunamálastofnunar og ÍSTEN54. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð.
Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis ásamt yfirlitsmynd verður í anddyri hússins.

Reyklosun
Rafmagnsrými verður útbúið með auðbrennanlegum þaklúgum í þaki, sem eru u.þ.b. 5 % af gólfflatarmáli (u.þ.b. 20 m2).
Gagnaverssalur verður útbúinn með auðbrennanlegum þaklúgum í þaki, sem eru u.þ.b. 5 % af gólfflatarmáli (u.þ.b. 70 m2).
Reyklúgur hafa að hluta til verið ákveðnar með hliðsjón af "Melding HO–3/2000 (Rökventilasjon)".

Slökkvitæki og slökkvitæki
Slökkvitæki og slökkvitæki verða sett upp í öllu húsinu. Slökkviliðin verða sett upp þannig að brunaslöngur nái út í öll horn. Slökkvitæki skulu staðsett við brunaslöngur en auk þess vera staðsett í eldhætturýmum (t.d. greinarafmagnstöflur, rafmagnsherbergi, tölvugagnaver og matsal).
Viðeigandi merkingar skulu vera við slökkvibúnað.

Út– og neyðarlýsing
Út– og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð og ÍSTEN1838. Reikna skal með a.m.k. 1 lux á flóttaleiðum (við útganga) en 0,5 lux á opnum svæðum (skrifstofum, tölvugagnaverssal og rafmagnsrými).

HEILBRIGÐISNEFND HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
Garðatorgi 7 - 210-Garðabæ
30.04.2012

Yfirfarið af brunahönnuði
24.4.2012

BREYTT		
1) 29.11.04	Ný spennustöð við vesturhlið	DKK
2) 13.02.05	Stigahúsi, lóðrétt útvegg, og innr.skip.	DKK
3) 19.12.11	Reyndarteikningar, innr.skipulag	DKK
4) 24.04.12	Innra skipulagi og brunavörnum	DKK

Gagnaver og skrifstofur

Steinhella 10, 221 Hafnarfirði

GRUNNMYND 2.HÆÐAR — KVARÐI: 1:100

DAGS.: 09.03.2004 — STAÐF. BURÐARBÓL

HANNAÐ: DKK | TEIKNAÐ: DKK | YFIRF.:

Davíð Karl Karlsson
Byggingafræðingur BFI
NÁFURÁÐ 2
110 REYKJAVÍK
Sími: 567 6111
GSM: 894 3028
Netf.:
david@simnet.is
Kt.: 231256-2539

SAMÞYKKT

TEIKN. NR. 03